Nd. **140. Frumvarp til laga** [115. mál]

um íslenzka stafsetningu.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Sverrir Hermannsson, Þórarinn Þórarinsson, Jónas Árnason, Gunnlaugur Finnsson, Ellert B. Schram.

1. gr.

Ein skal vera stafsetning íslenzkrar nútímatungu:

1. sem kennd er í öllum skólum ríkisins og þeim, er styrks njóta af almannafé,
2. sem höfð er á öllum textum, sem ríkið eða ríkisstofnanir gefa út, svo sem lögum, dómum, skýrslum, auglýsingum, tilkynningum og öðru áþekku,
3. sem höfð er á öllum kennslubókum, sem notaðar eru í skólum ríkisins, svo og þeim sem styrks njóta af almannafé.

2. gr.

Um stafsetningu skulu gilda eftirfarandi meginreglur:

I. Rita skal með stórum upphafsstaf sérnöfn, þjóða- og þjóðflokkaheiti og nöfn á íbúum landa, landshluta, hérað, borga og bæja, t. d. **Reykjavík, Íslendingar, Germanar, Norðmaður, Sunnlendingur, Þingeyingur, Seyðfirðingur, Borgnesingur.**

II. Rita skal **y, ý, ey** í samræmi við uppruna (hljóðvarp) og fornan framburð, t. d. **synda** (sund), **lýsa** (ljós), **hreysti** (hraustur).

III. Rita skal **z** fyrir upprunalegt **ds, ðs, ts,** bæði í stofni og endingum, þar sem tannstafurinn (**d, ð** eða **t**) er fallinn burt í skýrum framburði, t. d. **hanzki** (handski), **lenzka** (lendska), **gæzka** (gæðska); — **þið** (þér) **kallizt** (kallið-st), **berjizt** (berjið-st), **setjizt** (setjið-st); — hefur (hafði) **kallazt** (kallað-st), **barizt** (barið-st), **snúizt** (snúið-st); **flutzt** (flutt-st), **breytzt** (breytt-st), **hitzt** (hitt-st), **rætzt** (rætt-st, sbr. hins vegar **ræst** af sagnorðinu ræsa), **þeytzt** (þeytt-st, sbr. hins vegar **þeyst** af sagnorðinu þeysa), **stytzzur** (stytt-stur); — hann **sezt** (set-st), **brýzt** (brýt-st), **flyzt** (flyt-st).

Rita skal lýsingarhátt þátíðar sagnorðs í miðmynd með miðmyndarendingunni **st**, þótt lýsingarháttur þátíðar í germynd endi á **st** eða **sst**, t. d. **lýstst** (lýsast), **hresstst** (hressast).

IV. Rita skal tvöfaldan samhljóða á undan samhljóða, þar sem stofn vísar til, t. d. **byggð** (byggja), **styggð** (stygg-ur), **felldi** (fella), **kenndi** (kenna), **grynnka** (grunn-ur), **bögglar** (böggull), **krypplingur** (kryppa), **allra, alls, allt** (all-ur), **manns, menntir** (mann), **nokkrir** (nokk-ur), **rökkri** (rökk-ur).

Aftur á móti skal rita einfaldan samhljóða, þar sem uppruni sýnir, t. d. **sagði** (segja, saga), **dugði** (duga), **heild** (heil-ir), **reynd** (reyna), **þöglir** (þögull), **stöplar** (stöpull), **depla** (depill), **opna** (opinn), **eins** (einir), **hans** (stofn: han, sbr. honum, hana), **hins** (hin-ir), **als** (alur), **heilt** (heil-ir), **seint** (sein-ir).

V. Í nafnorðum með viðskeyttum greini skulu vera jafnmörg **n** og í lausum greini, t. d. **maðurinn, konan, börnin.**

Karlkynsnafnorð mynduð með viðskeytunum **-an, -in, -un** skal rita með **nn** í nf. et., en **n** í öðrum föllum, t. d. **aftann, aftan, himinn, himin, morgunn, morgun.**

Kvenkynsnafnorð mynduð af sagnorðum með viðskeytinu **-un** eða **-an** skal rita með **n**, t. d. **skemmtun, skipan.**

Lýsingarorð og lýsingarhætti þátíðar, sem mynduð eru með viðskeytinu **-in**, skal rita með **nn** í nf. og þf. et. kk., þgf. og ef. et. kvk. og ef. ft. í öllum kynjum, í öðrum föllum skal ritað **n**, t. d. **hygginn** (nf. og þf. et. kk.), hyggin (nf. et. kvk. og nf. ft. hk.).

VI. Á undan **ng** og **nk** skal rita **a** í stað **á** í framburði, **e** í stað **ei**, **i** í stað **í**, **u** í stað **ú**, **y** í stað **ý**, **ö** í stað **au**, t. d. **langur, banki, lengi, fingur, þungur, yngri, föng.**

Í samsettum eða afleiddum orðum, þar sem **n** og **g** eða **n** og **k** lenda saman og fyrri hluti endar á **n**, ræður uppruni fyrri hlutans aftur á móti rithætti, t. d. **túngarður, einkum.**

VII. Á eftir **ý, æ, ey**, skal rita **j**, ef **a** eða **u** fer næst á eftir, t. d. **nýja, nýjum, bæja, bæjum, heyja, heyjum.**

Ef um samsett orð er að ræða og síðari liðurinn hefst á **a** eða **u**, skal þó ekki rita **j**, t. d. **heyannir, Sæunn.**

VIII. Rita skal yfirleitt **é**, þar sem svo er fram borið (þó aldrei á eftir **g** og **k**, hvort sem þar er um að ræða fornt **é** eða fornt **e**, sem lengzt hefur), t. d. **léð, vér, vél, stél, fé, hérað, hélt, féll.**

Þó skal rita **je** í fleirtölu af lýsingarhætti nútíðar með nafnorðsbeygingu, þar sem nafnháttur endar á **ja**, enda skiptast atkvæði á milli **j** og **e**, t. d. **kveðjendur, seljendur, þiggjendur, sækjendur.**

Í upphafi nafna af erlendum uppruna skal og rita **je**, t. d. **Jens, Jerúsalem, Jesús.**

IX. Í öðrum atriðum en talin eru að framan skal einnig miða stafsetningu orða að jafnaði við uppruna þeirra og skyldleika við önnur orð, þótt í bága fari við almennan eða svæðisbundinn framburð, t. d. **bagi** (baga), **vegir** (vegur), **seigir** (seigur), **lögin** (lög), **bægsli** (bógur), **loks** (lok), **akstur** (aka), **dýpt** (djúp), **skipti** (skipa), **sleppti** (sleppa), **hvar, hvítur, nefnd** (nefna), **sigldi** (sigla), **harðna** (harður), **stærstur** (stór), **margt** (margur).

3. gr.

Að öðru leyti skal um stafsetningu fylgt þeim meginreglum, sem farið var eftir á tímabilinu 1929—1973.

4. gr.

Heimilt skal menntamálaráðherra að kveða svo á, að þess skuli ekki krafizt í 1.—6. bekk grunnskóla, að kennt sé að nota **z**, heldur megi í þess stað nota **s** í bekkjum þessum, og í stað **tzt** megi nota **st**, t. d. rita **styst, stystur, flust, breyst** o. s. frv.

5. gr.

Úr gildi skal falla auglýsing menntamálaráðuneytisins nr. 132 frá 3. maí 1974.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Rétt áður en Alþingi lauk störfum á síðast liðnu vori fluttu fimm þingmenn tillögu til þingsályktunar um löggjöf um íslenzka stafsetningu. Var ríkisstjórninni þar falið að undirbúa löggjöf um það efni, en þangað til slík lög yrðu sett, skyldi fylgja þeirri stafsetningu, sem í gildi var, áður en menntamálaráðuneytið gaf út auglýsingar sínar nr. 272 frá 4. september 1973 og nr. 132 frá 3. maí 1974. Áður hafði einn flutningsmanna tillögunnar flutt frumvarp til laga um íslenzka stafsetningu. Þingsályktunartillagan var samþykkt í því formi, að ríkisstjórninni var falið að undirbúa löggjöf um íslenzka stafsetningu, en hins vegar varð samkomulag um að fella niður það ákvæði, að þangað til slík lög yrðu sett skyldi fylgja fyrri stafsetningu. Við umræður um tillöguna lýsti menntamálaráðherra yfir, að hann teldi skynsamlegt, að sett yrði löggjöf um íslenzka stafsetningu. Eftir að hann gaf þá yfirlýsingu, undirrituðu 33 alþingismenn áskorun á ráðherrann, að hann gerði ráðstafanir til, að „stafsetning sú, sem gildi tók 1929, verði notuð við prentun þeirra skólabóka, sem nú er verið að undirbúa og nota á næsta vetur". Kom þar fram vilji meiri hluta alþingismanna til að halda fast við þá stafsetningu, sem gilt hafði áður en fyrr nefndar auglýsingar voru gefnar út 1973 og 1974 og breyttu nær hálfrar aldar hefð varðandi opinbera stafsetningu íslenzkrar tungu.

Sérhverri menningarþjóð er mikilvægt, að sem mest festa sé í stafsetningu tungu hennar. Gefur auga leið, hvert hagræði er að samræmdri stafsetningu í bókagerð, stjórnsýslu, safnstörfum og kennslu. Má t. d. benda á, að með nútíma ljósprentunartækni má spara stórfé við endurútgáfu hvers kyns rita, svo sem dýrra handbóka, orðabóka og annarra uppsláttarrita, en þá er mikilvægt, að ekki sé hringlað með stafsetningu, til þess að eldri útgáfur haldi gildi sínu og komizt verði hjá þeim gífurlega aukakostnaði, sem hlýzt af stafsetningarbreytingu. Hér er um að ræða brýnt hagsmunamál fjölmargra aðila í landinu, bókaútgefenda, rithöfunda og annarra. Má og öllum vera það ljóst á þeirri tölvutækniöld, sem við lifum, hve mikils virði festa í stafsetningu er við alla skýrslugerð, gerð skráa, sem raðað er í stafrófsröð, svo sem spjaldskráa í söfnum o. s. frv.

Eftir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið gaf út reglugerð um íslenzka stafsetningu 25. febrúar 1929, var unnið að því ósleitilega á fimmta tug ára að festa í sessi lögboðna stafsetningu í skólakerfi landsins og íslenzkri bóka- og blaðaútgáfu með þeim árangri, að heita má, að viðhlítandi festa hafi verið orðin í stafsetningu íslenzkrar tungu. Á þessari tæpu hálfu öld hefur séð dagsins ljós meginhluti alls prentaðs máls, sem gefið hefur verið út á Íslandi.

Með auglýsingu frá menntamálaráðuneytinu nr. 272/1973 um afnám z úr íslenzku ritmáli og auglýsingu um íslenzka stafsetningu 3. maí 1974, nr. 132/1974, var horfið frá hinni lögboðnu stafsetningu í nokkrum veigamiklum atriðum, og hefur síðan ríkt alger glundroði í stafsetningu, svo sem sjá má í blöðum og bókum. Er fyrirsjáanlegt, að ringulreið þessi mun standa lengi, ef ekki verður að gert, enda hafa tvær kynslóðir Íslendinga tamið sér þá stafsetningu, sem kennd hefur verið hér undanfarna tæpa hálfa öld, og eiga erfitt með að sætta sig við stafsetningu, sem þeir telja óskilmerkilegri og óheppilegri.

Tekið skal fram, að í frumvarpi þessu felast engar breytingar frá þeirri stafsetningu, sem kveðið var á um í reglugerðinni frá 1929, kennd hefur verið í íslenzkum skólum í fjóra til fimm áratugi og unnið hafði sér fastan sess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin á að taka til þeirra texta, sem ríkið eða ríkisstofnanir gefa út, svo og þeirra, sem notaðir eru í skólum. Ekki verður þó talið, að unnt sé að banna með öllu notkun texta með annarri stafsetningu, ef sérstaklega stendur á. Þó er megintilgangur þessa ákvæðis sá, að lestrarefni í skólum verði sem mest með hinni lögboðnu stafsetningu, enda hætt við glundroða ella.

Um 2. gr.

Hér er aðeins kveðið á um þær meginreglur, sem einkum hefur þótt leika vafi á eða valdið hafa ágreiningi.

Um 3. gr.

Á því tímabili, sem tiltekið er í greininni, hefur verið mikil festa í stafsetningu, og er hér kveðið svo á, að fylgt skuli þeim meginreglum, sem farið var eftir á þessu tímabili. Greinin girðir þó ekki fyrir, að veitt sé eitthvert frjálsræði, þar sem ekki teljast vera fyrir hendi fastar venjur um stafsetningu.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir sams konar heimild til menntamálaráðherra varðandi stafsetningarkennslu barna og veitt var 1934.

Um 5.—6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Hér á eftir er birt sem fylgiskjal áskorun eitt hundrað Íslendinga til menntamálaráðherra um að taka upp aftur hina hefðbundnu íslenzku stafsetningu, sem gilt hafði um áratugi.

Fylgiskjal.

Við undirrituð skorum hér með á yður, herra menntamálaráðherra, að nema úr gildi þá breytingu á íslenzkri stafsetningu, sem birt var í Stjórnartíðindum með „Auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu".

Höfuðástæður okkar fyrir þessari áskorun eru sem hér segir:

Í fyrsta lagi teljum við z-stafsetningu þá, sem gilti á tímabilinu 1929—1974, hafa ýmsa ótvíræða og mikilvæga kosti umfram hina nýju stafsetningu, þar sem er meiri skýrleiki og gleggri vísbending um uppruna, sem í mörgum tilvikum léttir skilning og eykur málþekkingu. Sérstaklega viljum við benda á ókosti þess, að samkvæmt hinum nýju reglum falla einatt saman í ritmáli germynd og miðmynd sömu sagnar, svo og germynd einnar sagnar og miðmynd annarrar, svo að rita skal t. d. hefur **leyst**, hvort sem er af **leysa** eða **leysast**, hefur **ræst**, hvort sem er af **ræsa** eða **rætast**, hefur **þeyst**, hvort sem er af **þeysa** eða **þeytast**. Getur þessi ritháttur valdið misskilningi, ekki sízt í stuttu máli, sem þarf að vera hnitmiðað, svo sem í fyrirsögnum blaða, auglýsingum og sjónvarpstextum. Enn fremur þykir okkur eftirsjá að því að hætta að rita z í stofni í orðum eins og **gæzla**, **tízka**, **verzlun** vegna þekkingar á orðsifjum, sem beirri stafsetningu fylgir.

Í öðru lagi teljum við hinar nýju reglur um stóran staf og lítinn stórum óhentugri og flóknari en fyrri reglur, t. d. að rita skal **oddaverjar** með litlum staf, en **Sturlungar** með stórum, **hólsfjallamaður** með litlum staf, en **Hólsfjallahangikjöt** með stórum, **bandaríkjamaður** með litlum staf, en **Bandaríkjaforseti** með stórum.

Í þriðja lagi teljum við, að valfrelsi um ritun margra orða, sem hafa löngum verið rituð á einn veg, sé til þess eins fallið að valda ruglingi, sem m. a. getur orðið mjög bagalegur í stafrófsröðun, t. d. að rita skuli hvort heldur er **(ár)niður** eða **(ár)nyður, tékki** eða **tjekki** o. s. frv.

Í fjórða lagi teljum við, að sú festa í íslenzkri stafsetningu, sem tókst að koma á undanfarna tæpa hálfa öld, sé til ómetanlegs hagræðis á mörgum sviðum, svo sem í bókagerð, stjórnsýslu, safnstörfum og kennslu, en breyting að sama skapi til þess fallin að valda glundroða og tjóni. Má og ekki gleyma því, að tveimur kynslóðum Íslendinga er töm sú stafsetning, sem kennd hefur verið undanfarna áratugi, og eiga margir bágt með að sætta sig við stafsetningu, sem þeir telja óskilmerkilegri og óhentugri.

Andrés Björnsson útvarpsstjóri
Ármann Kr. Einarsson rithöfundur
Arnbjörn Kristinsson bókaútgefandi
Arngrímur Ísberg kennari
Árni Þórðarson fv. skólastjóri
Ásgeir Magnússon framkvæmdastjóri
Axel Kristjónsson kennari
Baldvin Þ. Kristjánsson félagsmálafulltrúi
Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri
Bjarni Sigbjörnsson menntaskólakennari
Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður
Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands
Björn Teitsson sagnfræðingur
Egill J. Stardal verzlunarskólakennari
Eiður Guðnason fréttamaður
Einar Sigurðsson háskólabókavörður
Eiríkur Hreinn Finnbogason borgarbókavörður
Elín Pálmadóttir blaðamaður
Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður
Finnur Guðmundsson fuglafræðingur
Gaukur Jörundsson prófessor
Georg Sigurðsson cand. mag.
Gestur Guðfinnsson blaðamaður
Gestur Magnússon cand. mag.
Gísli Blöndal hagsýslustjóri
Guðlaug Guðsteinsdóttir kennari
Guðmundur G. Hagalín rithöfundur
Guðmundur E. Sigvaldason jarðfræðingur
Guðni Guðmundsson rektor
Guðrún P. Helgadóttir skólastjóri
Gunnar Guðröðarson skólastjóri
Gunnar Gunnarsson rithöfundur
Gunnar Stefánsson dagskrárstjóri
Halldór Kristjánsson frá Kirkjubóli
Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri
Hannes Pétursson skáld
Haraldur Ólafsson lektor
Haraldur Sigurðsson bókavörður
Heimir Þorleifsson menntaskólakennari
Helga S. Einarsdóttir kennari
Helgi Hálfdanarson rithöfundur
Helgi Skúli Kjartansson stud. mag.
Helgi Þorláksson skólastjóri
Hjalti Jónasson skólastjóri
Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur
Ívar Björnsson verzlunarskólakennari
Jóhannes Halldórsson cand. mag.
Jóhannes Nordal seðlabankastjóri
Jón Dan rithöfundur
Jón Gíslason skólastjóri
Jón Rafn Guðmundsson framkvæmdastjóri
Jón S. Guðmundsson menntaskólakennari
Jón Guðnason lektor
Jón B. Hannibalsson skólameistari
Jón Helgason ritstjóri
Jón Aðalsteinn Jónsson orðabókarritstjóri
Jón Sigurðsson B. A.
Jón Sigurðsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar
Jón Þórarinsson dagskrárstjóri
Jónas Kristjánsson, forstöðumaður Árnastofnunar
Jónas Kristjánsson ritstjóri
Kjartan Jóhannsson verkfræðingur
Lúðvík Kristjánsson rithöfundur
Lýður Björnsson verzlunarskólakennari
Magnús Bjarnfreðsson fulltrúi
Magnús Finnbogason mag. art.
Magnús Guðmundsson menntaskólakennari
Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður
Matthías Johannessen ritstjóri
Ólafur Haukur Árnason áfengisvarnaráðunautur
Ólafur Björnsson prófessor
Ólafur Hansson prófessor
Ólafur Oddsson menntaskólakennari
Ólafur M. Ólafsson menntaskólakennari
Ólafur Pálmason bókavörður
Ólafur Jóhann Sigurðsson rithöfundur
Oliver Steinn Jóhannesson bókaútgefandi
Páll Líndal borgarlögmaður
Pétur Sæmundsson bankastjóri
Sigfús Daðason ritstjóri
Sigurbjörn Einarsson biskup
Sigurður Líndal prófessor
Sigurður Skúlason mag. art.
Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur
Símon Jóh. Ágústsson prófessor
Stefán Sörensson háskólaritari
Steinar Þorfinnsson kennari
Sturla Friðriksson erfðafræðingur
Styrmir Gunnarsson ritstjóri
Tómas Guðmundsson skáld
Vigdís Finnbogadóttir leikhússtjóri
Þórður Jörundsson yfirkennari
Þórhallur Tryggvason skrifstofustjóri
Þórhallur Vilmundarson, forstöðumaður Örnefnastofnunar.
Þórir Stephensen dómkirkjuprestur
Þorleifur Einarsson jarðfræðingur
Þorsteinn frá Hamri skáld
Þorsteinn Gylfason lektor
Þorsteinn Valdimarsson skáld
Þráinn Guðmundsson yfirkennari